

6. stjórnarfundur EBAK þriðjudaginn 15. nóvember 2022 kl. 16

Mætt: Hallgrímur Gíslason, Torfhildur S. Þorgeirsdóttir, Sigurður Harðarson, Friðrik Vagn Guðjónsson, Margrét Marvinsdóttir, Helgi Aðalsteinsson, Helga Eymundsdóttir og Elín S. Antonsdóttir.

Fjarverandi: Birgir Björn Svavarsson og Eva B. Magnúsdóttir.

Fundargerð:

1. Formaður setti fund

2. Fundargerð stjórnar frá 12. október tekin fyrir og samþykkt.

3. Viðvera í félagsmiðstöðvum í nóvember og desember að hálfu stjórnanna verður eftirfarandi:

- a. 16. nóv. í Birtu – Friðrik Vagn Guðjónsson
- b. 23. nóv. í Birtu – Sigurður Harðarson
- c. 30. nóv. í Birtu – Margrét Marvinsdóttir
- d. 7. des. í Sölku – Elín Antonsdóttir
- e. 7. des. í Birtu – Helgi Aðalsteinsson
- f. 14. des. í Birtu – Hallgrímur Gíslason

4. Næsti stjórnarfundur ákveðinn 13. desember kl. 16.

5. Starfsemin:

- a. Afmælistónleikar EBAK ræddir. Mikil ánægja hjá stjórninni með alla framkvæmd en ákveðið að fresta frekari umræðu til næsta fundar og uppgjörs.
- b. Ringið gerir stormandi lukku, góð mæting og gengur mjög vel.
- c. Tölvulæsi –Félags- og vinnumálaráðuneytið kostar verkefnið í samvinnu við LEB. Símei annast framkvæmdina fyrir Þekkinganet Þingeyinga. Þegar hafa verið haldin tvö námskeið í Sölku en eftir er að halda önnur tvö námskeið á Akureyri. Þá er Sigurður í sambandi við formann fræðslunefndar varðandi fleiri námskeið.
- d. Breytingar hafa orðið í nefndum. Úr golfnefnd gengur Magnús Friðriksson og Einar Hjartarson kemur inn. Erlingur Arason gengur úr skemmtinefnd.

6. Lýðheilsa

- a. Virk efri ár – allt er þar í fullri vinnslu undir umsjá Héðins Svarfdal sem ráðinn var til starfans. Mun afrakstur líta dagsins ljós á nýju ári.
- b. **Lýðheilsukort** – Stjórnin fagnar tilkomu kortsins og vonar að sem flestir nýti sér þessa nýjung.
- c. **Spékoppar** - fram kom að áhugi væri hjá félagsmönnum að endurvekja Spékoppa sem var námskeið í framsögn og leiklist.

7. Önnur verkefni

- a. Öldungaráð hefur haldið þrjá fundi í haust. Búið er að skipa í starfshóp vegna annars áfanga aðgerðaáætlunar fyrir eldra fólk.
- b. Formaður nefndi að þjónustu vantaði í Naustahverfi og Hagahverfi sem og önnur ný hverfi. Veik von að hún aukist á næstunni.

8. Önnur mál

9. Von er á heimsókn félaga úr Grýtubakkahreppi til að vera með í danstíma. Þá nefndi formaður að félagar frá Vogum á Vatnsleysuströnd verði á ferðinni fyrir norðan á vordögum og gaman væri að taka á móti þeim.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Fundargerð ritaði, Elín S. Antonsdóttir

